

Reykjavík, 14. feb. 2008

Allsherjarnefnd Alþingis

Heiðruðu nefndarmenn!

Bindindissamtökin IOGT hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998, með síðari breytingum, 63. mál, þskj. 63.

Samtökin fagna framkomnu frumvarpi og skora á Alþingi að taka hér af öll tvímæli um bann við áfengisauglýsingum þannig að sá skilningur sé alveg ótvíræður að löggjafinn telji algjört bann við þeim sjálfsagt. Það sé gjört fyrst og síðast í ljósi þeirra afleiðinga sem slíkar auglýsingar hafa og varða ekki hvað sízt ungt fólk og ómótað, enda mjög gjarnan sérstaklega til þess hóps höfðað.

Bindindissamtökin telja að í raun sé algjört bann í gildi og vísa til þess að það var á sínum tíma alveg ótvíræður vilji löggjafans þegar ákvæðið um bann við áfengisauglýsingum var sett í áfengislög.

Hins vegar er sjálfsagt að kveða hér enn skýrar að orði í ljósi biturrar reynslu þar sem illa duldar eða óduldar áfengisauglýsingar eru æ fleiri og fyrirferðarmeiri og augljóst að varnagla þarf að slá sem bezta og virkasta um leið.

Flutningsmenn vitna í norsku leiðina um að bann við áfengisauglýsingum taki einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum og einkennum en frumvarpsgreinin sjálf kveður einmitt skýrt á um þetta.

Flutningsmenn vitna í viðamikla skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra um viðbrögð við áfengisauglýsingum og rökin fyrir frumvarpinu m.a. þangað sótt.

Svo aðeins sé vitnað í lokaorð vinnuhópsins þá segir þar m.a.:

“Þar sem bann er við áfengisauglýsingum er neysla minni og minna um vandamál sem rekja má til áfengisneyslu, svo sem ölvunarakstur. Bann við áfengisauglýsingum hefur forvarnargildi”.

Undir þetta og margt fleira í þessari merku skýrslu skal tekið og Alþingi er treyst til að hafa hér áhrif í samræmi við ályktunarorðin í skýrslunni. Því er skorað á Alþingi að samþykkja frumvarp það sem hér um ræðir.

F.h. Bindindissamtakanna


Helgi Seljan

formaður fjölmiðlanefndar IOGT


Aðalsteinn Gunnarsson

framkvæmdastjóri IOGT